

NÝR ÍSLENSKUR MYNDHÖGGVARI



Það verður ekki annað sagt en að sýning Ragnhildar Stefánsdóttur að Kjarvalsstöðum komi á óvart. Um ágæta hæfileika efuðust menn ekki, en hins vegar hefur víst fáa óráð fyrir því, að hin kornunga listakona kæmi jafn sterkt frá frumraun sinni og nú er raunin.

Það er skemmst frá að segja, að ég minnst þess ekki að hafa séð jafn sannfærandi frumraun á vettvangi rúmtaklistar hér í borg á öllum mínum 18 ára ferli sem listrýnir. Og satt að segja átti ég ekki von á því að slíkur frumkraftur kæmi frá kvenþjóðinni. Þetta er sagt í ljósi þess, að höggmyndalist hefur til skamms tíma verið dæmigert karlafag vegna þess hve mjög hún reynir á krafta og úthald. Þá má og einnig tala um nokkra hefð á sama hátt og myndvefnaður hefur aðallega verið iðkaður af konum.

— Það sem öðru fremur vekur athygli á sýningu Ragnhildar er myndhugsun hennar — það skín í gegn, að hún hugsar sem myndhöggvari, uppgötvar, upplifir og finnur til í rúmtaki. Það eru einkum teikningarnar sem afhjúpa myndhugsun Ragnhildar en þær eru dæmigerðar fyrir vinnubrögð ýmissa myndhöggvara í gegnum aldirnar. Skýrar, formfastar, en einnig mjúkar og efniskennar. Eftir teikningunum að dæma mun Ragnhildur ekki afmarka sér þröngun bús á sviði höggmyndalistar heldur hefur hún alla möguleika til þess að verða meistari í blæbrigðaríkdómi formsins eins og t.d.

Giacometti eða Manzú. En til þess að það geti orðið er mikilvægt að Ragnhildur fái að reyna sem flest á næstu árum, óbundin fjárhagsáhyggjum og hjáleitu brauðstriti. Hún þarf að geta sókkt sér niður í hvers konar form- og efnisrannsóknir við hinar bestu aðstæður um leið og hún vinnur að eigin listsköpun.

Á þessu er vakin athygli hér, í ljósi þeirrar staðreyndar, að sýning Ragnhildar hefði ekki orðið að veruleika án hagstæðra ytri skilyrða. Fyrir hið fyrsta fékk hún afnot af gestaverkstæði leirunafyrirtækisins Glits og svo fékk hún þriggja mánaða starfslauð Brunabótafélagsins. Ekk má heldur gleyma því að hún var með þeim fyrstu er naut nýstofnaðrar myndhöggvareiddar við Myndlista- og handiðaskóla Íslands. Má segja að árangurinn skili sér fljótt hvað þá deild áhræfir! Sýningin er þannig í og með sterk rök fyrir því að flytja myndlistarrannsóknir inn í landið með því að koma skólanum á háskólastig. Lægi þá beinast við að stofna einnig húsameistaradeild...

— Lífið sjálft og vaxtarmögn þess virðast vaka mjög fyrir Ragnhildi Stefánsdóttur í myndgerð hennar „að fara vel með lífið“ svo sem hún sjálf segir í blaðaviðtali. Fólk kann þá að undra það, að hún byggir myndheim sinn á mannabeinum og hugleiðingum um lífið og dauðann. En svo er, að hvorugt getur án hins verið, líf sprettur upp af dauða og dauði af lífi. Við getum ekki skilgreint hvað líf er

án dauðans né hvað fegurð eiginlega er án ljótleikans og þannig séð er lífið afstætt. Það er ris, vöxtur og bjartsýni í beinunum hennar Ragnhildar, hún er að höndla kjarna mannlífsins. Beinir eru hygg ég tákn lífsins og heiðrikunnar og þess að burt skal sortans svið.

Að öllum heimspekilegum hugleiðingum slepptum þá er það og staðreynd að fátt er vænlegra til formrænna rannsókna en einmitt hvers konar bein af mönnum og dýrum. Þetta hafa myndhöggvarar vitað í aldir og notað óspart og í ljósi þess er myndefnið ekki frumlegt. Þrátt fyrir allt þá er það eitthvað sem gengur líkt og rauður þráður í gegnum alla sýninguna og sem verður að heimfærast á gerandann sjálfan og persónu hans. Ég hafði punktað við nokkrar myndir á sýningunni en er ég rita þetta þá skynja ég sýninguna sem heild og það væri nánast að raska þeirri heild að nefna einstakar myndir.

Þess ber að gæta, vel að merkja, að slík frumraun og slík velgengni er erfiður bita að kyngja — listin gerir skefjalausar kröfur til iðkenda sinna í meðlæti sem mótlæti og það má aldrei gleymast.

Ragnhildur Stefánsdóttir er ung að árum, iskyggilega ung, miðað við þann áfanga og hún hefur þegar náð og ég vona að hún skilji og skynji að að þarf sterk bein til að standa uppréttur í listinni lífið í gegn. En undirstaðan er hér réttleg fundin.

Bragi Asgeirsson

lønabankinn hefur stigið nýtt skref til hagsbóta fyrir sparendur.

Við breytum nú bundnum reikningum sem hér segir:

1. Í stað gömlu 12 mánaða reikninganna koma nýir reikningar til 6 mánaða.
2. Sex mánaða, bundnir reikningar lönabankans verða því tvenns konar:
VERÐTRYGGÐIR með 1,5% p.a. vöxtum sem nú verða reiknaðir tvisvar á ári.
ÓVERÐTRYGGÐIR (áður til 12 mánaða) með 19% p.a. vöxtum sem einnig eru reiknaðir tvisvar á ári.
3. Reikningseigendum verður nú frjálst að færa fyrirvara laust og án lengingar binditímans milli þessara tveggja reikningsforma. Slíkt getur skipt verulegu máli, breytist aðstæður manna eða aðstæður í þjóðfélaginu.
4. Við greiðum sérstakan vaxtabónus sem við köllum IB-BÓNUS ofan á „venjulega“ vexti.
er 1,5% p.a. vaxtabónus lönabankans, sem leggst sjálfkrafa, auk venjulegra vaxta, ofan á innstæðu á bundnum 6 mánaða reikningi tvisvar á ári, ef ekki er tekið út af honum.
Hann er reiknaður í júlí og janúar ár hvert. IB-BÓNUS greiðist fyrst í júlí n.k. Athugið, að þá greiðist hann á alla nýja 6 mánaða reikninga, sem stofnaðir verða frá 15. apríl til 1. júlí n.k.

Upplýsingasími: 29630

Hafðu samband við næsta útibú okkar eða hringdu beint í IB-símabjónustuna í Reykjavík, síminn er (91) 29630. Við veitum fúslega frekari upplýsingar og sendum gjarnan bækling.

lönabankinn

Öryggi, ekkert umstang. Engin sölulaun, eða áfföll

Ég skipti við banka sem er fyrstur með nýjungarnar

Með þessu skapast lánstraust

Fullt skattfrelsi